

2005050072

8717

Orkuveita Reykjavíkur  
Ingólfur Hrólfsón  
Bæjarhálsi 1  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júlí 2005

/--

**Efni: Hverahlíð. Breyting á legu vegar að rannsóknaborsvæði. Sveitarfélagið Ölfus. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags. 11. júlí 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á legu vegar að rannsóknaborsvæði við Hverahlíð, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Fornleifaverndar ríkisins en með erindi Orkuveitu Reykjavíkur fylgdu umsagnir Fornleifaverndar ríkisins, dags. 27. júní 2005 og Umhverfisstofnunar, dags. 6. júlí 2005, til Sveitarfélagsins Ölfus auk draga að framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus dags. 6. júní 2005.

Umsögn barst frá Fornleifavernd ríkisins með tölvubréfi dags. 15. júlí 2005 og móttaka hennar var staðfest, athugasemdalaust, af VGK verkfræðistofu f.h. Orkuveitu Reykjavíkur 18. júlí 2005.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að leggja aðkomuveg að borsvæði við Hverahlíð skv. leið B í stað leiðar A sem fjallað var um í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu rannsóknaborholunnar, dags. 5. janúar 2005. Skipulagsstofnun taldi borun rannsóknaholu og þar með veglagningu skv. leið A ekki matsskylda í framangreindri ákvörðun sinni. Framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í minnisblaði VGK verkfræðistofu, dags. 26. maí 2005, kemur fram að vegur skv. leið A liggja um 500 m eftir gamla þjóðveginum yfir Hellisheiði og síðan yrði lagður um 850 m langur nýr vegur að borstæðinu. Fram kemur að vegurinn muni sjást lítið frá Suðurlandsvegi og ekki sé talin hætta á að gömul þjóðleið, Suðurferðargötur, muni skerðast við framkvæmdina. Vegur skv. leið B myndi liggja um 1450 m eftir gamla þjóðveginum yfir Hellisheiði og síðan yrði lagður um 1050 m langur nýr vegur að borstæðinu. Fram kemur að vegurinn muni sjást af lengri kafla á Suðurlandsvegi en leið A en lítil hætta sé talin á að Suðurferðargötur muni skerðast við

framkvæmdina. Fram kemur að við val á vegstæði hafi verið haft í huga að vegurinn geti nýst áfram og að ekki þurfi að leggja nýjan veg ef til jarðhitanýtingar við Hverahlíð komi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að gera borun rannsóknaholu við Hverahlíð mögulega.

Framkvæmdaraðili telur að verði vel að verki staðið muni framkvæmdin ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og eigi ekki að teljast matsskyld.

**Áhrif á landslag.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, þ.e. áliti Umhverfisstofnunar til Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 6. júlí 2005, kemur fram að veglína B liggi um sléttara land og falli betur að landi en leið A. Umhverfisstofnun telji að við val á veglínu þurfi að hafa í huga að lágmarka rask eins og kostur er jafnframt því að fella veginn eins vel að landi og kostur er.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, þ.e. áliti Fornleifaverndar ríkisins til Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 27. júní 2005, kemur fram að Fornleifavernd ríkisins taldi nauðsynlegt að staðsetja gömlu þjóðleiðina, Suðurferðargötur og teikna inn á kort/loftmynd. Loftmynd með veglínum og Suðurferðargötu barst Skipulagsstofnun 15. júlí 2005 og var hún framsend til Fornleifaverndar með beiðni um frekari umsögn.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Sveitarfélagið Ölfus og Fornleifavernd ríkisins höfðu talið að borun rannsóknaholu við Hverahlíð og þar með lagning vegar skv. leið A hefði ekki umtalsverð umhverfisáhrif, svo sem fram kemur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 5. janúar 2005.

Umhverfisstofnun taldi borun rannsóknarholu og þar með talin veglagning skv. leið A, kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og þar með háða mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur í áliti til Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 6. júlí 2005, lýst því að leið B sé betri kostur en leið A. Í drögum að framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus kemur fram að Orkuveitu Reykjavíkur er veitt leyfi til veglagningar skv. leið B.

**Áhrif á menningarminjar.** Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins, dags. 15. júlí 2005, kemur fram að fullt tillit hafi verið tekið til gömlu þjóðleiðarinnar, Suðurferðargatna, við útfærslu á veglínu B og staðsetningu borplans en stofnunin hafi áður gefið umsögn um leið A og ekki gert athugasemd við hana.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða að leggja aðkomuveg að borsvæði við Hverahlíð skv. leið B í stað leiðar A sem fjallað var um í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu rannsóknaborholunnar, dags. 5. janúar 2005. Framkvæmdin er á svæði sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10. b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lagning nýs vegslóða mun valda raski á ósnortnu hraunsvæði fyrir sunnan núverandi vegi. Skipulagsstofnun telur að með því að vanda val vegstæðisins og einskorða allt rask við það verði

sjónræn áhrif veglagningar og áhrif hennar á jarðmyndanir sem njóta verndar, ekki veruleg.

Skipulagsstofnun vill benda á að í málgögnum við ákvörðun um matsskyldu rannsóknaborunar við Hverahlíð kom fram að mögulegt sé að nýta svæðið með því reisa þar jarðgufuvirkjun, svipaða og í Innstadal og Fremstadal og tengja borholur við hana jafnframt því sem virkjunin verði hugsanlega á einhvern hátt tengd Hellisheiðarvirkjun. Skipulagsstofnun telur því mikilvægt að við val á legu aðkomuvegar að rannsóknaborsvæðinu hafi framkvæmdaraðili í huga að vegurinn geti nýst áfram og að ekki þurfi að leggja nýjan veg að borsvæðinu ef til jarðhitanýtingar við Hverahlíð kemur.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu og umsögn um þau. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegar að rannsóknaborsvæði við Hverahlíð eftir leiðum A eða B sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar kalla á breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 og eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. skipulags- og byggingarlögum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. ágúst 2005.

Þóroddur F Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun.